

Heiti Bubbles!

Fjölskylduspil

Aldur: 6+

Fjöldi leikmanna: 2-4

Leiktími: Ekki tekið fram.

Innihald: 4 teningar í litunum rauður, gulur, blár og grænn.

Límmiðar, í litunum rauður, gulur, blár og grænn, fyrir teningana.

24 spil.

Spilareglur.

Hugmynd og markmið:

Rauður, gulur, blár og grænn: Þetta eru litirnir á ótal skínandi og litríkum loftbólum sem eru í mismunandi stærðum á spilunum. Það getur verið allmikil áskorun að hafa yfirsýn. Hversu fljótt getur þú komið auga á spil með sömu samsetningu loftbólna og teningarnir gefa til kynna? Með einbeitingu og hröðum viðbrögðum þá getur þú staðist áskorunina!

Allir reyna að vera snöggir að sjá spilið þar sem loftbólurnar eru í sömu röð og tölurnar á teningunum.

Undirbúningur:


- Áður en þið spilið í fyrsta sinn verðið þið að setja límmiða á teningana. Allir rauðu límmiðarnir fara á rauða teninginn, allir grænu límmiðarnir fara á græna teninginn o.s.frv.
- Komist að samkomulagi hvaða tilbrigði á að spila:
Auðveldari tilbrigðið er leikið á spilin með appelsínugula rammanum. Allar loftbólur á þessum spilum flokkaðar í röð eftir stærð, frá stærstu loftbólunni til þeirrar minnstu.
Erfiðara tilbrigðið er leikið á spilin með gráa rammanum. Loftbólurnar á þessum spilum eru ekki í neinni röð. Það gerir það mun erfiðara að sjá rétta spilið.
Ábending: Það er einnig hægt að spila með blöndu spila, nokkur appelsínugul spil og afganginn grá. Það er hægt því að það eru eins myndir á báðum hliðum spilsins þó röðin sé mismunandi.
- Þegar þið hafið ákveðið hvaða tilbrigði á að spila þá leggið þið öll 24 spilin upp í

loft á mitt borðið. Gætið þess að spilin liggi ekki ofan á hvert öðru. Hafið teningana tilbúna.

Gangur spilsins:

- Sá elsti kastar teningunum og leitir að rétta spilinu byrjar.
- Hver teningur sýnir tölu á bilinu 1 til 24. Þú verður að vera eins fljótur og þú getur að finna spilið sem passar á móti teningunum: Þetta þýðir að þú verður fyrst að skoða tölurnar á teningunum. Hæsta talan er stærsta loftbólán á spilunum, næst hæsta talan er næst stærsta loftbólán o.s.frv.
- Ef þú heldur að þú hafir fundið rétta spilið með réttu röðinni þá leggur þú höndina á það spil. Vertu varkár: þegar þú hefur einu sinni ákveðið spil þá er ekki hægt að skipta um skoðun! Þegar allir leikmenn hafa valið spil eða halda að annar leikmaður hafi fundið rétta spilið á undan þeim þá er skoðað hver hafi rétt fyrir sér. Leikmaðurinn sem hefur höndina á réttu spili fær að halda spilinu sem verðlaun. Hann verður að leggja það á borðið fyrir framan sig, upp í loft.

Dæmi:



Rauði teningurinn sýnir töluna 20 (það er hæsta talan) = stærsta loftbólán.

Græni teningurinn sýnir töluna 19 (það er næst hæsta talan) = næst stærsta loftbólán o.s.frv.

Mikilvægt: Öll spil sem hefur verið safnað eru í spilinu því samsetningin á því spili getur komið aftur upp meðan á leik stendur. Það er því möguleiki á að tapa spili til annars leikmanns þegar spilinu vindur fram. Spil sem hefur verið safnað verða því að vera sýnileg og aðgengileg fyrir aðra leikmenn.

- Nú á næsti leikmaður að kasta teningunum og ný umferð hefst.

Leikslok:

Spilinu er lokið þegar leikmaður hefur 4 spil á borðinu fyrir framan sig.

Tilbrigði við reglurnar:

Hægt er að spila með blöndu af appelsínugulum og gráum ramma. Sjá ábendingur í kaflanum Undirbúningur.

Þýðing: Eirný Valsdóttir